

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Viljanda – hluta Minningarsjóðs Pálma Jónssonar, stofnanda Hagkaups

1. gr.

Sjóðurinn heitir Viljandi og er hluti Minningarsjóðs Pálma Jónssonar, stofnanda Hagkaups, er stofnaður var hinn 1. desember 1991 af vandamönnum til minningar um Pálma Jónsson, Miðleiti 5, Reykjavík. Pálmi fæddist 3. júní 1923 og lést 4. apríl 1991. Verður 1/5 – einn fimmi – hluti minningarsjóðsins yfirfærður til sjóðs þessa.

2. gr.

Heimili sjóðsins er í Reykjavík.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag Minningarsjóðs Pálma Jónssonar að fjárhæð kr. 621.000. Stofnfé þetta má ekki skerða.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að vísindalegri rannsóknarstarfsemi, efla menningu, listir, umhverfisvernd, líknarstarfsemi og annari almannuheill með styrkveitingum til einstaklinga, verkefna og félaga.

Skal stjórn sjóðsins heimilt að veita árlega fé úr sjóðnum í ofangreindu skyni eða þegar hún sér ástæðu til.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir og arður af fé sjóðsins, árleg framlög og aðrar tekjur.

6. gr.

Stjórnin ákveður fjárhæð styrks á hverjum tíma.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 2 menn, skipaðir til ótiltekins tíma. Stjórn sjóðsins skipa í upphafí Sigurður Gísli Pálmasón, Ásenda 1, Reykjavík, formaður og stjórnarmaður er hann tilnefnir. Hætti Sigurður Gísli og meðstjórnarmaður hans stjórnarstörfum skipa eiginkona hans og börn stjórnarmenn í þeirra stað.

8. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reiknings-ár skal vera almanaksárið.

9. gr.

Stjórn sjóðsins varðveitir eignir hans. Hún skal leitast við að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt þannig að hann nái sem best tilgangi sínum.

Nr. 104

26. janúar 2006

10. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má gera ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Engin breyting á skipulagsskránni fær þó gildi nema með samþykki dómsmálaráðherra.

11. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Háskóla Íslands, Krabbameinsfélagsins og Hjartaverndar að jöfnu.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. janúar 2006.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Bryndís Helgadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 10. febrúar 2006